

Nd.

665. Frumvarp til laga

[405. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Marianna Friðjónsdóttir, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir,
Magnús Reynir Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna falli niður:

- 87.06.02 Öryggisbelti.
- 87.13.01 Barnavagnar.
- 87.13.09 Hlutar.
- 94.01.12 Öryggissæti í ökutæki, fyrir börn.
- 94.01.16 Öryggissæti í ökutæki, fyrir börn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að aðflutningsgjöld verði felld niður af ofangreindum vörum fyrir börn.

Það er fráleitt að öryggisæki, eins og barnabilstólar, skuli sett í 20% tollflokk þegar önnur farþegasæti í bílum bera einungis 3% jöfnunargjald. Mikill áróður hefur verið rekinn fyrir því af hálfu umferðaryfirvalda að foreldrar gæti öryggis barna sinna í umferðinni og er notkun öryggissæta í bílum, sérstaklega ætluð börnum, einn liður í þeim áróðri. Hið sama á við um öryggisbelti.

Barnavagnar bera nú 50% toll og auk þess leggst á þá 24% vörugjald. Einnig leggst ofan á þetta hvort tveggja söluskattur þannig að um er að ræða nálega 100% hækkun frá innkaupsverði.

Nú er tíska að tala um að bæta fjárhag heimilanna með einhverju móti. Hér er bent á einn útgjaldalið sem auðveldlega má fella brott. Það er ljóst mál að í flestum tilvikum er það unga fólkið, á aldrinum 20—35 ára, sem er að eignast börn í þessu þjóðfélagi. Þetta er sama fólkið og stendur í þeim voða að koma sér þaki upp yfir höfuðið. Þetta fólk er ekki komið í hálaunastöður í þjóðfélaginu aldursins vegna. Samt er því refsað efnahagslega með ýmsum hætti fyrir það að ala upp nýja íslenska þegna.

Þetta mál er flutt meðal annars til þess að létta undir með foreldrum ungbarna.

Fylgiskjal I.

Umferðarráð: Flokkun á umferðarslysum fyrir aldur 0—6 ára 1984.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Farþegi í framsæti	Farþegi í aftursæti	Fótgangandi	Ökumaður á reiðhjóli	Ökumaður á þríhjóli	Farþegi á dráttarvél	Annað	Samtals
1 árs	2	1	1	2	—	—	—	—	—	3
2 ára	4* ¹	2	—	3* ¹	3	—	—	—	—	6
3 ára	5	5	—	6	3	—	1	—	—	10
4 ára	4	1	—	1	4	—	—	—	—	5
5 ára	5	2	—	4	3	—	—	—	—	7
6 ára	7	6* ¹	—	2	9	1	—	1* ¹	—	13
Samtals	27	17	1	18	22	1	1	1	—	44

* Merkir ein(n) látin(n).

Fylgiskjal II.

Umferðarráð: Sala á öryggisbúnaði fyrir börn í bílum árin 1982, 1983 og 1984. (5. mars 1985.)

	1982	1983	1984	Samtals
Barnabílstólar	1145	1486	1084	3715
Bílpúðar	86	377	1019	1482
Barnabílbelti	59	158	403	620
Einingar samtals	1290	2021	2506	5817

Til viðbótar fengust upplýsingar um sölu á eftirtöldu:

Festingar fyrir burðarrúm	0	0	33	33
Aukafestingar fyrir barnabílstóla	16	60	80	156
Bílbelti í framsæti	447	518	550	1515
Bílbelti í aftursæti	0	0	207	207

Tölur þessar eru frá eftirtöldum aðilum:

- Bílanausti hf.
- G.T. búðinni hf.
- Olíufélaginu Skeljungu hf.
- Olíuverzlun Íslands hf.
- Vörðunni hf.
- Velti hf.
- Versluninni Fífu.

Að auki flytja nokkrar verslanir sjálfar inn barnabílstóla, en ekki mun það vera í miklum mæli.